

19. MAÍ
2023

HARPA
ELDBORG

Isabelle leikur Beethoven

GUL TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

Konsert: 44'

Sinfónía: 70'

Tónleikarnir eru teknir upp af RÚV og verða sendir út 25. maí.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Isabelle leikur Beethoven

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Isabelle Faust
einleikari

Ludwig van Beethoven

Fiðlukonsert í D-dúr, op. 61 (1806)

Allegro ma non troppo

Larghetto

Rondo: Allegro

Hlé

Gustav Mahler

Sinfónía nr. 5 (1901-1902)

Erster Teil / Fyrsti hluti:

I. Trauermarsch. In gemessenem Schritt. Streng.

Wie ein Kondukt

II. Stürmisch bewegt, mit größter Vehemenz

Zweiter Teil / Annar hluti:

III. Scherzo. Kräftig, nicht zu schnell

Dritter Teil / Þriðji hluti:

IV. Adagietto. Sehr langsam

V. Rondo-Finale. Allegro – Allegro giocoso. Frisch

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen er aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar þegar hún stjórnaði framhaldsskólatónleikum SÍ með nær engum fyrirvara og hún stjórnaði síðan þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar á árunum 2007–2010. Í febrúar 2019 snéri hún aftur og stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað mörgum virtum hljómsveitum, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden og Sinfóníuhljómsveit Breska útvarpsins (BBC). Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden. Hún þreytti frumraun sína á PROMS – tónlistarhátíð Breska útvarpsins í ágúst síðastliðnum, þar sem hún stjórnaði meðal annars frumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur ARCHORA, og stuttu síðar kom hún í fyrsta sinn fram með Fílharmóníusveit Los Angeles á tvennum tónleikum í Hollywood Bowl.

Eva er tíður gestakennari við Sibeliusar-akademíuna og hún hafði frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til þess að stjórna hljómsveitinni.



ISABELLE FAUST

EINLEIKARI

Þýski fiðluleikarinn Isabelle Faust er einn eftirtektarverðasti tónlistarflytjandi samtímans. Hún vakti fyrst verulega athygli þegar hún hreppti fyrstu verðlaun í Leopold Mozart-keppninni árið 1987, en þar hlaut ungur íslenskur fiðluleikari að nafni Sigrún Eðvaldsdóttir annað sæti. Faust bar einnig sigur úr bítum í Paganini-keppninni árið 1993 og í kjölfarið fór ferill hennar á flug. Meðal hljómsveitarstjóra sem hún hefur starfað náið með má nefna Andris Nelsons, Daniel Harding, Philippe Herreweghe, Klaus Mäkelä og Robin Ticciati.

Faust sinnir jafnt eldri tónlist sem nýrri og einskorðar sig ekki við einleikskonserta. Hún hefur flutt mikið af nútíma-tónlist, m.a. eftir Kurtág, Ligeti, Feldman og Nono, og frumflutt ný verk eftir Péter Eötvös, Brett Dean, Ondřej Adámek og Rune Glerup. Hún hefur átt langt og farsælt samstarf við píanóleikarann Alexander Melnikov og hafa þau til að mynda hljóðritað sönötur eftir Mozart, Beethoven og Brahms. Hljóðritanir Faust hafa margoft unnið til verðlauna, meðal annars var hljóðritun hennar á fiðlu-konsertum eftir Mozart með Il Giardino Armonico valin hljómplata ársins árið 2017 af tímaritinu *Gramophone*. Á nýjustu plötu sinni leikur hún fiðlukonsert Stravinskíjs ásamt nokkrum kammerverkum hans með Les Siècles undir stjórn François-Xaviers Roth.

Isabelle Faust hefur þrisvar sinnum áður komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún var staðarlistamaður hljómsveitarinnar starfsárið 2010–11 og lék þá fiðlukonserta eftir Beethoven og Stravinskíj í Háskólabíói. Hún snéri aftur í apríl 2019 og lék fiðlukonsert eftir Brahms í Eldborg undir stjórn Osmos Vänskä.



LUDWIG VAN BEETHOVEN

FIÐLUKONSERT Í D-DÚR, OP. 61

Fiðlukonsert Ludwigs van Beethoven (1770–1827), sá eini frá hans hendi, varð til á miklu blómaskeiði tónskáldsins. Á áratugnum milli 1802 og 1812 samdi Beethoven meðal annars sex af sínum níu sinfóníum, þríleikskonsertinn, píanókonsertana nr. 4 og 5, og óperuna *Fidelio*, auk fiðlukonsertsins, sem saminn var að beiðni fiðluleikarans Franz Clement og frumfluttur af honum í Schauspielhaus í Vín á Þorláksmessu 1806. Beethoven lauk ekki við að hreinrita nóturnar fyrr en fáeinum dögum áður og sagan segir að Clement hafi nánast lesið konsertinn beint af blaði. Það kom þó greinilega ekki að sök – ef satt er. Verkinu var vel tekið við frumflutninginn en næstu áratugi heyrðist það þó sjaldan á tónleikum; ef til vill vegna þess að það er ekki fyrst og fremst hugsað sem flugeldasýning einleikarans, eins og mjög var títt, þótt það geri til hans miklar kröfur. Konsertinn komst aftur kirkfilega á dagskrá þegar undrabarnið Joseph Joachim, þá tólf ára, flutti hann á tónleikum í Lundúnum árið 1844 undir stjórn Felix Mendelssohn og hefur hann allar götur síðan verið talinn einn glæsilegasti fiðlukonsert níttjándu aldar.

Konsertinn er alllangur og munar þar mest um fyrsta þáttinn sem tekur yfirleitt ríflega 20 mínútur í flutningi. Hann hefst á því að þákurnar leika mótíf sem minnir á mars og segja má að sé undirlag þáttarins – það á eftir að hljóma í ýmsum hljóðfærum. Ofan á það byggir Beethoven tvö yndisleg stef sem trúblásturshljóðfærin kynna fyrst en strengir taka svo við. Einleiksfiðlan kemur inn á látlausan hátt og tekur til við að leika stefin, útvíkka þau og skreyta. Í úrvinnslunni færurstað við yfir í molltóntegundir en síðan ítrekar hljómsveitin fyrra stefið, einleikarinn slæst í hópinn og leikur svo kadensu áður en síðara stefið er ítrekað og þættinum lýkur. Hinn draumkenndi hægi þáttur samanstendur af tilbrigðum við stef. Strengirnir kynna stefið fyrst blíðlega áður en blásarar byrja að leika tilbrigði sem einleiksfiðlan skreytir óviðjafnanlega, þróað áfram og leiðir að lokum yfir í lokapáttinn, fjörlegt rondó.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur leikið fiðlukonsert Beethovens 26 sinnum með níttján einleikurum. Björn Ólafsson lék konsertinn sex sinnum á árunum 1951–74, en af öðrum einleikurum má nefna György Pauk (1970), Yehudi Menuhin (1972), Wolfgang Schneiderhan (1979), Dmitrj Sítkovétskíj (1982), Guðnýju Guðmundsdóttur (1989), Pekka Kuusisto (2004), Leilu Josefowicz (2009), Baibu Skride (2015) og Sigrúnu Eðvaldsdóttur (2021). Þetta er í annað sinn sem Isabelle Faust leikur verkið með Sí; hún flutti konsertinn í Háskólabíói í febrúar 2011 undir stjórn Bertrands de Billy. Einnig má nefna að bandaríski fiðluleikarinn Joshua Bell lék konsertinn með Akademíu St Martin-in-the-Fields í Eldborg í nóvember 2017.



GUSTAV MAHLER

SINFÓNÍA NR. 5

Gustav Mahler (1860–1911) tókst að ljúka níu sífóníum og efna í þá tíundu áður en hann lést, einungis fimmtugur að aldri. Sagt hefur verið um sífóníur hans að það sé eins og þær séu samdar hver af sínu tónskáldi, svo ólíkar séu þær að gerð. Á undan þeirri fimmtu hafði Mahler til að mynda samið þrjár sífóníur þar sem mannsróddin – og þar með ljóðatexti – kemur við sögu á mismunandi hátt, en í nr. 5 ríkja hljóðfærin ein. Þó má segja að ljóðasöngurinn sé ekki langt undan, því í verkinu vísar Mahler í sönglög sem hann samdi á þeim tíma sem sífónían var í vinnslu.

Fimmta sífónían varð til á sviptingaskeiði í lífi Mahlers. Hann gegndi krefjandi störfum sem óperustjóri í Víni og aðalstjórnandi Filharmóníusveitarinnar í sömu borg og hafði oft gengið svo fram af sér við vinnu að það stofnaði heilsu hans í hættu. Loks kastaði tólfunum í febrúarlok árið 1901 þegar hann fékk svo heiftarlegar innvortis blæðingar að honum blæddi næstum út. Læknum tókst að bjarga lífi hans og skipuðu honum í framhaldinu að hvílast og safna kröftum. Svo heppilega vildi til að húsið sem Mahler var að reisa sér í Maiernigg við Wörthervatn, sunnarlega í Austurríki, var rétt að segja fullbyggt. Þar dvaldist hann um sumarið, naut náttúruvegurðarinnar og vann að tónsmíðum sínum eftir því sem kraftar leyfðu. Þarna litu dagsins ljós sum af þekktustu sönglögum hans, svo sem síðasta ljóðið í *Des Knaben Wunderhorn*, *Der Tamboursg'sell*, og lög við ljóð Friedrichs Rückert, til að mynda *Kindertotenlieder* og *Ich bin der Welt abhanden gekommen*. Þetta sama sumar byrjaði hann að semja það sem átti eftir að verða fimmta sífónían. Í veikindunum um veturinn hafði hann horfst í augu við dauðann en var nú sem endurfæddur til lífs. Og undir árslok 1901 lagði ástin hann undir sig þegar hann kynntist Ölmú Schindler. Þau giftust í mars 1902 og þegar þau komu til sumardvalar í Maiernigg, þar sem Mahler tók aftur til við fimmtu sífóníuna, átti Alma von á barni.

Það er því ekki að undra að sífónían sé mörkuð sterkum og ef til vill andstæðum kenndum. Hún hefst á sorgarmarsi

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit æskunnar frumflutti 5. sinfóníu Mahlers á Íslandi haustið 1982 undir stjórn Pauls Zukofsky og það var einnig æskufólk – Ungsveit SÍ – sem fyrst flutti verkið í Eldborg. Það var í nóvember 2011 og stjórnandi var Baldur Brönnimann. Eva Ollikainen stjórnar nú verkinu í annað sinn hérlendis; Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti verkið undir hennar stjórn í september 2014. Áður hafði hljómsveitin fimm sinnum leikið sinfóníuna á tónleikum sínum, fyrst í apríl 1987 þegar Arthur Weisberg stjórnaði flutningnum, þá í tvígang með Petri Sakari (1992 og 2002), síðan Rumon Gamba árið 2008 og Vasily Petrenko tveimur árum síðar.

sem ber yfirskriftina *Í útmældum skrefum; alvöruþrungnið; eins og líkfylgd*. Lúðrakall trompetsins í upphafi verður eins konar leiðarminni er kallast á við sorgarstef sem fyrst eru ofin af strengjum, síðar einnig blásurum. Í miðkafla þáttarins er eins og vikið sé frá hinni ströngu forskrift, hraðinn eykst og það hattar fyrir birtu í öllum óróleikanum en síðan kemur nýtt sorgarstef áður en trompetinn kallar hinsta sinni og marsinn fjarar út. Annar þáttur myndar með sorgarmarsinum fyrsta hluta sinfóníunnar, þeir eru eins og tvær hliðar á sömu mynt. Hann er stormasamur, eins og yfirskrift hans segir fyrir um, en stormurinn er æ ofan í æ rofinn með kyrrari köflum sem vísa til tónefnis sorgarmarsins.

Þriðji þáttur verksins, Scherzo, er sá lengsti og flóknasti en yfirbragðið er létt. Það helgast meðal annars af því að hér leikur Mahler sér með danstakt, fyrst í anda sveitadansins Ländler en síðar – í rólegri tríóköflum sem fleyga scherzóið – vals. Hér fá blásturshljóðfærin, ekki síst hornin, að skína en þeim er aftur á móti gefið frí í fjórða þætti sem er hið þekktu Adagietto fyrir strengi og hörpu. Umskiptin eru algjör; í stað storma og sprúðlandi fjörs kemur nú hægferðug og innhverf fegurð. Sinfóníunni lýkur á frísklegum þætti í rondóformi. Stefjaefnið minnir dálítið á þjóðlög en hér er líka vitnað í laglínu Adagietto-þáttarins og úrvinnsla alls er firnaglæsileg þar sem kontrapunkti og fúgutækni er beitt af list.

Svanhildur Óskarsdóttir

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Tibor Gyenge
Vera Panitch
Emma Steele
Zbigniew Dubik
Andrzej Kleina
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Lin Wei
Olga Björk Ólafsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Kateryna Mysechko
Laufey Jensdóttir
Joanna Bauer
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pálína Árnadóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Hekla Finnsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson
Ingrid Karlsdóttir
Ísak Ríkharðsson
Margrét Þorsteinsdóttir
Justyna Bidler
Þórdís Stross
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Greta Guðnadóttir
Hlín Erlendsdóttir

Víola

Rita Porfiris
Þórarinn Már Baldursson
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Kucja Koczot
Svava Bernharðsdóttir
Kathryn Harrison
Fidel Atli Quintero Gasparsson

Guðrún Hrund Harðardóttir
Sarah Buckley
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Vigdís Másdóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Hjörtur Eggertsson
Urh Mrak
Helga Björg Ágústsdóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Júlía Mogensen
Sigurður Bjarki Gunnarsson

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Richard Korn
Nathan Vedal
Hávarður Tryggvason
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jacek Karwan
Þórir Jóhannsson

Flauta

Anders Jonhäll
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Sólveig Magnúsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Antti Salovaara
Kari Guenther
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin
Pedro Silva
Chad Yarbrough

Trompet

Joris De Rijbel
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Nimrod Ron

Harpa

Katie Buckley

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Helgi Þorleiksson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðs- og tæknimaður

Á döfinni

25.05 FIMMTUDAGUR
Kl.19:30



Ungir einleikarar

Á hverju ári fer fram keppni ungra einleikara sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur fyrir í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Keppnin er opin nemendum á háskólastigi, óháð því hvaða skóla þeir sækja, og fá þeir hlutskörpustu að leika einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum í Eldborg. Stjórnandi að þessu sinni er Nathanaël Iselin staðarhljóm-sveitarstjóri Sí.

Sinfóníuhljómsveitin og Listaháskólinn leiða saman hesta sína og styðja við okkar efnilegasta tónlistarfólk á leið þess inn í heim atvinnumennskunnar. Óhætt er að segja að mikil eftirvænting ríki á hverju ári í aðdraganda þessara tónleika og stemningin á tónleikunum sjálfum er engu lík.

01.06 FIMMTUDAGUR
Kl.20:00



Carmina Burana

Líklegt má telja að ekkert klassískt tónverk frá 20. öld hafi notið jafn mikilla vinsælda og Carmina Burana eftir þýska tónskáldið Carl Orff. Heiti verksins kemur úr handriti frá 12. og 13. öld þar sem er að finna trúar-, drykkju- og ástarsöngva. Upphafskafinn, O Fortuna, þar sem sungið er um gæfuhjólíð sem snýst í sífellu og breytir stöðu manna á augabragði, er án efa þekktasti hluti verksins en tónlistina úr Carmina Burana má heyra víða, meðal annars í auglýsingum, kvikmyndum og tölvuleikjum. Hér tekur stór hópur kóra og einsöngvara saman höndum með Sinfóníuhljómsveit Íslands og flytur verkið undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar.

08.06 FIMMTUDAGUR
Kl.19:30



Hadelich leikur Brahms

Hinn þýsk-bandaríski Augustin Hadelich sló eftirminnilega í gegn á 70 ára afmælistónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands vorið 2020 þegar hann lék fiðlukonsertinn eftir Sibelius. Hann snýr nú aftur og leikur hinn glæsilega, tilfinningaþrungna og oft átakanlega fiðlukonsert Brahms en Hadelich hefur á síðustu árum skipað sér í fremstu röð fiðluleikara á heimsvísu. Hann var útnefndur hljóðfæraleikari ársins 2018 af tímaritinu Musical America og hefur unnið til Grammy-verðlauna. Augustin Hadelich leikur á fiðlu sem Giuseppe Guarneri del Gesù smíðaði árið 1744.

Bertrand de Billy, aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, lýkur svo yfirferð sinni yfir sífóníur Brahms með þeirri fjórðu. Þar lítur Brahms um öxl, einkum til barokksins, en sífónían var eitt síðasta hljómsveitarverk tónskáldsins.



Skemmtilegir kokteilar, frábær matur
www.slippbarinn.is



Notalegt, ferskt og fallegt
www.satt.is



Fáguð matargerðarlist
www.vox.is



Litríkur, fjörugur og sérvitur
www.geirismart.is

Heil sífónía fyrir sælkera

Fullkomnaðu stemninguna með frábærri máltíð eða hressandi drykk á úrvals veitingastað.

V O X
BRASSERIE & BAR



satt

SLIPPBARINN



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Himnasælusinfónía með Barböru Hannigan

FIMMTUDAGUR 15. JÚNÍ | KL. 19:30 | HARPA
FÖSTUDAGUR 16. JÚNÍ | KL. 19 | HOF

Kanadíska sópransöngkonan og hljómsveitarstjórinn Barbara Hannigan er væntanleg til Íslands á ný og heldur tvönnu tónleika með hljómsveitinni. Á efnisskránni eru hrífandi tónverk þar sem ljóðræna og leikgleði Hannigan fá að njóta sín jafnt í söng og hljómsveitarstjórn; Kraftaverkasinfónía Haydns og Himnasælusinfónía Mahlers.

MÍÐASALA HAFIN